

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2024 verður Fornminjasjóður 48,3 milljónir. Úthlutað var 106 milljónum í fyrra en þá var lögð sérstök áhersla á að skrá minjar í hættu vegna náttúruvárs. Ekki er veitt aukafjármagn í ár en í frumvarpinu segir þó að enn eigi að skrá minjar og rannsaka fornleifar sem eru í hættu vegna hamfara, eldgosa o.fl. Ljóst er að 48,3 milljónir milljónir duga engan veginn fyrir slíku. Stjórn Félags fornleifafræðinga hefur þungar áhyggjur af því að framlag til sjóðsins skuli skorið niður á sama tíma og áskoranir og viðfangsefni halda áfram að vaxa á methraða. Eldgos, staða sjávarborðs og afleiðingar loftslagsbreytinga munu halda áfram að ógna minjum og íslenskri menningu þrátt fyrir þennan niðurskurð. Þessi harkalegi niðurskurður - um rúmar 57 milljónir - þýðir einfaldlega að starfsumhverfi fornleifafræðinga hnigni og þekkingarsköpun staðni.

Fornminjasjóður, er einn helsti sjóður sem fornleifafræðingar nýta til þess að stunda rannsóknir og nýsköpun. Hann er ákaflega mikilvægur hlekkur í að skapa nýja þekkingu og störf fyrir fornleifafræðinga; sérfræðistörf sem gjarnan eru unnin utan höfuðborgarsvæðisins. Hann er svipaður og kvikmyndasjóður sem þrátt fyrir að styrkja aðeins lítinn hluta af heildarkostnaði kvikmynda er engu að síður ákaflega mikilvægur til þess að kvikmyndaverkefni geti farið af stað. Án kvikmyndasjóðs væru fáar myndir framleiddar hérlendis - fornminjasjóður gegnir svipuðu hlutverki fyrir fornleifafræðinga.

Fornminjasjóður er því miður allt of lítill og af því höfum við miklar og þungar áhyggjur. Sjóðurinn hefur nær staðið í stað síðan 2013 og verið um 40 milljónir. Við margþætt vísindastarf líkt og fornleifarannsóknir (þ.m.t. griparannsóknir og fornleifaskráning) eru rannsóknir jafnan flóknar og tímafrekar þar sem margir mismunandi sérfræðingar koma að auk þess sem talsverður tækjakostnaður fylgir þeim. Auk vísindalegs gildis þeirra geta fornleifarannsóknir haft jákvæð efnahagsleg áhrif með því að laða ferðamenn og fjármagn að fámennari og brothættari byggðum á landinu. Fornleifarannsóknir auka sömuleiðis þekkingu íbúa nærliggjandi byggða á þeim menningararfi sem fornleifar eru og geta þannig stuðlað að aukinni verndun þeirra.

Félagið lýsir yfir miklum vonbrigðum yfir stöðu mála. Fyrirtæki og sjálfstætt starfandi fornleifafræðingar eiga erfitt með að skipuleggja rannsóknir sínar þegar fyrirsjáanleikinn er nær enginn þegar kemur að Fornminjasjóði.

Enn fremur er ljóst að staða Fornminjasjóðs hefur farið versnandi undanfarin ár samanborið við aðra álíka sjóði. Sé litið til Húsafríðunarsjóðs var hann hátt í 300 milljónir árið 2020. Ef fram heldur sem horfir mun það hafa alvarlegar afleiðingar fyrir starfsöryggi fornleifafræðinga. Í félagatali okkar eru nú um **90 aðalfélagar en við áætlum að um 22 heilsársstöður séu í boði**. Hætta er á að staðan versni enn með þessum mikla niðurskurði. Fækkun starfandi fornleifafræðinga og fækkun rannsókna myndi leiða af sér alvarlegt þekkingartap innan fagsins sem er varla framtíðarsýn sem hugnast neinum á alþingi.

Að lokum má geta þess að landinu er skipt í minjasvæði og á hverju svæði fyrir sig starfa minjaverðir. Þeir hafa úrskurðarvald í skipulagsmálum en kostnaður við fornleifaskráningu fellur á

framkvæmdaaðila, sem oft eru tekjulítill en víðáttumikil sveitarfélög þar sem eru ógrynni fornleifa og vel varðveittar leifar lítt þekktra eyðibýggða. Mörg þessara sveitarfélaga segjast eiga erfitt með að standa undir kostnaði við fornleifaskráningu, þótt benda megi á að minnstu sveitarfélögin hafi lokið fyrstu umferð skráningar (t.d. Árneshreppur og Tjörneshreppur). Aukin fjármögnun grunnrannsókna í fornleifafræði yki skilvirkni og upplýsingagjöf til uppbyggingaraðila og sveitarfélaga um staðsetningu minja í allri skipulagsgerð (aðal-, og deiliskipulags). Mikilvægt er því að stjórnvöld átti sig á því að ef vilji er til þess að auðvelda skipulagsmál hérlendis er leiðin til þess ekki síst að leggja til aukna fjármuni í lögbundnar grunnrannsóknir á fornleifum svo ekki standi á þeim þætti þegar framkvæmdaaðilar vilja fara í uppbyggingu í Reykjavík og í sveitum landsins.

Niðurstaða: Félag fornleifafræðinga hvetur alþingi til þess að falla frá niðurskurði fornminjasjóðs, íslenskri menningu og sérfræðistörfum úti á landi til heilla.

Með von um jákvæð viðbrögð,
Stjórn Félags fornleifafræðinga